

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/49/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 342/09/COL frá 23. júlí 2009 um undanþágu frá koltvísyringsgjaldi sem lagt er í Noregi á gas og fljótandi jarðolíugas sem er ætlað til annarra nota en húshitunar (Noregur)	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/49/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6091 – Galenica/Fresenius Medical Care/Vifor Fresenius Medical Care Renal Pharma JV)	11
2011/EES/49/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6141 – China National Agrochemical Corporation/Koor Industries/Makhteshim Agan Industries)	12
2011/EES/49/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6280 – Procter & Gamble/Teva OTC Business)	13
2011/EES/49/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6319 – Triton/Europart)	14
2011/EES/49/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6337 – CITIC Dicastal Wheel Manufacturing/KSM Castings) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2011/EES/49/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6345 – Cheung Kong Holdings/Northumbrian Water Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	16
2011/EES/49/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6351 – Ilva/Taranto Energia) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	17
2011/EES/49/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6361 – ZF/Hansen)	18

2011/EES/49/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6367 – ECE/Metro/MEC JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	19
2011/EES/49/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6374 – Braskem/Dow Polypropylene Business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	20
2011/EES/49/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6176 – Mitsubishi Corporation/Barclays Bank/Walney I Topco/Walney II Topco/Sheringham Shoal Topco)	21
2011/EES/49/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6196 – Lenovo/Medion)	21
2011/EES/49/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6210 – VFE Commerce/CDC/JV)	22
2011/EES/49/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6222 – GE Energy/Converteam)	22
2011/EES/49/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6231 – KKR/Capsugel)	23
2011/EES/49/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6238 – RREEF/SMAG/OHL/Arenales)	23
2011/EES/49/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6292 – Securitas/Niscayah Group)	24
2011/EES/49/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6304 – Carlyle/Gores Broadband)	24
2011/EES/49/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6308 – VFC/Timberland)	25
2011/EES/49/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6309 – Macquarie Group/Airwave Solutions)	25
2011/EES/49/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6310 – Fujifilm Holdings Corporation/Mitsubishi Corporation/Fujifilm Diosynth Biotechnologies UK & USA)	26
2011/EES/49/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6335 – Abertis Infraestructuras/Goldman Sachs Group/Autopistas Metropolitanas de Puerto Rico)	26
2011/EES/49/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6336 – Walter Frey Holding/Mitsubishi Motors Corporation)	27
2011/EES/49/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6342 – UPM-Kymmene/Mylykoski Paper)	27
2011/EES/49/26	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	28

2011/EES/49/27	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannáþjónustukvaðir	29
2011/EES/49/28	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	30
2011/EES/49/29	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannáþjónustukvaðir	31
2011/EES/49/30	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við.	32

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/49/01

342/09/COL

frá 23. júlí 2009

um undanþágu frá koltvísyringsgjaldi sem lagt er í Noregi á gas og fljótandi jarðolíugas sem er ætlað til annarra nota en húshitunar

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr. og 5. mgr. 7. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ⁽⁴⁾,

með vísan til leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins ⁽⁵⁾, einkum kaflanna um aðstoð til umhverfisverndar og um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart ráðstöfunum varðandi beina skattlagningu fyrirtækja,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 ⁽⁶⁾,

að útgefni ábendingu til hagsmunaaðila um að leggja fram athugasemdir í samræmi við ofangreind ákvæði

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Málsmæðferð

Með bréfi norska stjórnslu- og umbótaráðuneytisins til Evrópusambandsins, sem var dagsett 9. mars 2007 (og hafði að geyma bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 8. mars 2007), en bæði bréfin bárust Eftirlitsstofnun EFTA og voru skráð hjá henni 9. mars 2007 (skjal nr. 412984), tilkynntu stjórnvöld í Noregi stofnuninni fyrirhugaðar breytingar á innheimtu koltvísyringsgjalds á jarðolíu-afurðum, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Stjórnvöld hyggjast breyta reglum um koltvísyringsgjald þannig að það leggist á jarðgas og fljótandi jarðolíugas, en slíkt gas ber ekki koltvísyringsgjald sem stendur.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ „Bókun 3“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁵⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (nú *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*; Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrætt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.efasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>.

⁽⁶⁾ Ákvörðun 195/04/COL frá 14. júlí 2004, sem birtist í Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26, 25.5.2006, bls. 1. Uppfærður texti ákvörðunarinnar er birtur [á ensku] á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.efasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>.

Í kjölfar ýmissa bréfaskipta ⁽⁷⁾ tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi, með bréfi dagsettu 23. nóvember 2007, að hún hefði ákveðið að hefja rannsókn á þessari ráðstöfun í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3.

Ákvörðun stofnunarinnar 597/07/COL um að hefja rannsókn var birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau ⁽⁸⁾. Stofnunin leitaði eftir athugasemdum hagsmunaaðila þaraðlútandi.

Eftirlitsstofnun EFTA bárust tvær athugasemdir frá hagsmunaaðilum, hin fyrri frá Norsk Bioenergiforening (Líforkusamtökum Noregs) hinn 11. maí 2008 (skjal nr. 485500), og hin síðari frá Norges Naturvernforbund, Zero Emission Resource Organisation og Natur og Ungdom hinn 16. júlí 2008 (skjal nr. 486001).

Þá bárust nýjar athugasemdir frá stjórnvöldum í Noregi hinn 20. desember 2007 (skjal nr. 458478) og hinn 13. mars 2008 (skjal nr. 512262) og hafa þau einnig átt í óformlegum viðræðum við stofnunina eftir þann tíma.

2. Lýsing á fyrirhugaðri ráðstöfun

2.1 Yfirlit

Norska ríkið innheimtir gjald vegna koltvísýringsslosunar og leggst það á notkun tiltekinna jarðolíu-afurða. Sem stendur er koltvísýringsgjald aðeins innheimt vegna notkunar á svonefndri „mineralolje“ (steinolíu, gasolíu, dísilolíu o.fl.) og bensíni. Áformað er að leggja gjaldið einnig á notkun jarðgass og fljótandi jarðolíugass, þó aðeins þegar slíkt gas er notað til húshitunar.

Koltvísýringsgjaldið er innheimt vegna notkunar á þeim vörum sem taldar eru upp í norskum skattalögum. Gjaldskylda nær bæði til innfluttrar vöru og innanlandsframleiðslu. Ákvæði um koltvísýringsgjaldið er að finna í þeim kafla fjárlaga sem tekur til umhverfisgjalda sem innheimta ber af jarðolíuafurðum og ber yfirskriftina „*Om miljøavgifter på mineralske produkter mv.*“ Í A-hluta kaflans er fjallað um koltvísýringsgjald vegna koltvísýringsslosunar við notkun jarðolíuafurða (*avgift på mineralske produkter*). Í 1. gr. A-hluta er kveðið á um innheimtu gjaldsins að því er varðar „mineralolje“ og bensín. Ákvæðið er sem hér segir ⁽⁹⁾:

„Fra 1. januar 2007 skal det i henhold til lov 19 mai 1933 nr. 11 om særavgifter betaales CO₂-avgift til statskassen på følgende mineralske produkter etter følgende satser: ...

- a) Mineralolje: kr. 0,47 per liter. (...)
- b) Bensin: kr 0,80 per liter.“;

og hljóðar svo í þýðingu:

„Frá 1. janúar 2007 skal í samræmi við lög frá 19. maí 1933, nr. 11, um vörugjöld greiða koltvísýringsgjald til ríkissjóðs af eftirtöldum jarðolíuafurðum samkvæmt eftirfarandi: ...

- a) Steinolía, gasolía, dísilolía o.þ.h. („mineralolje“): 0,47 NOK á hvern lítra. (...)
- b) Bensín: 0,80 NOK á hvern lítra.“.

Í 2. gr. A-hluta er að finna undanþágur frá gjaldinu sem ráðast af notkunarviði vörunnar. Í 1. mgr. 2. gr. A-hluta er að finna almennar undanþágur vegna ýmiss konar starfsemi, og þá einkum notkunar á „mineralolje“ sem hráefnis við framleiðslu. (stafl. c) í 1. mgr. 2. gr. A-hluta). Í 2. og 3. mgr. 2. gr. A-hluta eru tilgreindar aðrar undanþágur vegna notkunar á „mineralolje“ annars vegar og bensíni hins vegar.

Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2007 lagði norska ríkisstjórnin til breytingu á viðkomandi kafla fjárlaga, og hlaut hún samþykki þingsins. Tillöguna var að finna í stjórnarfrumvarpi St.prp nr. 1 (2006–2007), II. kafla, en ákvæði A- og B-hluta hans eru sem hér segir:

⁽⁷⁾ Um nánari upplýsingar um bréfaskipti stofnunarinnar og stjórnvalda í Noregi vísast til ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁸⁾ Sjá Stjtið. ESB C 146, 12.6.2008, bls. 2–12, og EES-viðbæti nr. 32, 12.6.2008, bls. 17.

⁽⁹⁾ [Þýðingin á norska textanum – hér og annars staðar í skjalinu – er gerð með hliðsjón af enskri þýðingu Eftirlitsstofnunar EFTA. Aths. þýð.]

„A

Fra 1 júlí 2007 gjøres følgende endringer:

§ 1 første ledd nye bokstaver c og d skal lyde:

c) Naturgass: kr. 0,47 pr. standardkubikkmeter

d) LPG: kr. 0,60 pr. kg.

B

§2 første ledd ny nr. 4 skal lyde:

4. Gass til annen bruk en oppvarming mv. i boliger og næringsbygg.“

og hljóða svo í þýðingu:

„A

Eftirfarandi breytingar gilda frá 1. júlí 2007:

Í fyrstu málsgrein 1. gr. hljóði nýir stafliðir c) og d) svo:

c) Jarðgass: 0,47 NOK á hvern staðalrúmmetra

d) Fljótandi jarðolíugass: 0,60 NOK á hvert kg

B

Í fyrstu málsgrein 2. gr. hljóði nýr 4. töluliður svo:

4. Gas sem notað er til annars en hitunar heimila og atvinnuhúsnæðis.“

Með tilkomu stafl. c) og d) í 1. gr. (í A-hluta) er gjaldsvið koltvísýringsgjalds rýmkað þannig að það taki til jarðgass og fljótandi jarðolíugass. Með nýja ákvæðinu, sem mælt er fyrir um í B-hluta, er tekin upp undanþága vegna jarðgass og fljótandi jarðolíugass til hvers kyns annarra nota en hitunar heimila og atvinnuhúsnæðis.

Að sögn stjórnvalda í Noregi er tilgangur þessarar breytingar á gjaldinu að stuðla að aukinni notkun á ýmsum vistvænum kostum sem komið geta í stað jarðgass og fljótandi jarðolíugass við húshitun. Þau taka fram að aðeins sé tæknileg ástæða fyrir því að koltvísýringsgjald á jarðgasi og fljótandi jarðolíugasi hafi verið tekið upp sem almennur skattur fremur en sérskattur í þessum ákveðna tilgangi; ástæðan sé sú að stjórnvöld geti haft betri stjórn á innheimtu gjaldsins þegar um almennan skatt sé að ræða. Að sögn stjórnvalda í Noregi er almennur skattur eina form ráðstöfunar sem gerir öllum framleiðendum gjaldskyldrar vöru skylt að skrá sig sem skattskylda hjá yfirvöldum og halda saman tölum um sölu á slíkrri vöru. Stjórnvöld taka fram að hefði gjaldið verið tekið upp sem sértækari skattur á húshitun hefði ekki fylgt því nein skylda til skráningar eða til að halda saman sölutölum af hálfu þeirra sem selja jarðgass eða fljótandi jarðolíugass til annarra nota en húshitunar.

2.2 Tilgangur gjaldsins

Tilgangur koltvísýringsgjaldsins er að draga úr losun koltvísýrings – að sögn stjórnvalda í Noregi er markmiðið með þessu að: „ákveða verð fyrir umhverfistjón sem leiðir af notkun hinnar gjaldskyldu vöru og stuðla að notkun vöru sem veldur minna umhverfistjóni. Gjaldið er innheimt í því skyni að tryggja betri nýtingu auðlinda og ná þannig fram jákvæðum umhverfisáhrifum. Gjaldið er víðtækt og almenn.“

Tilgangi þess að rýmka gjaldsvið koltvísýringsgjalds þannig að það taki til jarðgass og fljótandi jarðolíugass er lýst betur í frumvarpi til fjárlaga ársins 2007, en þar er vísað til yfirlýsingar sem kennd er við „Soria Moria“⁽¹⁰⁾:

„Gas til heimilisnota ber ekki koltvísýringsgjald. Frá árinu 2005 hefur gas til notkunar í vissum tegundum iðnaðar fallið undir kerfi koltvísýringsskvóta vegna loftslagsbreytinga. Engin úrræði, sem stuðlað gætu að minni losun koltvísýrings, hafa verið fyrir hendi að því er varðar aðra notkun á gasi,

⁽¹⁰⁾ Soria Moria-yfirlýsingin er stefnuyfirlýsing þeirra þriggja stjórnmalaflokka sem mynda núverandi ríkisstjórn í Noregi.

svo sem til heimilisnota, í iðnaðarhúsnæði eða færanlegum búnaði. Í Soria Moria-ýfirlýsingunni kemur fram að ríkisstjórnin hyggist taka reglur um koltvísyringsgjald til athugunar til þess að koma í veg fyrir að gas sé álitlegri kostur við húshitun en þeir orkugjafar sem eru vistvænni.“

2.3 Landslöggjöf sem liggur til grundvallar aðstoðarráðstöfuninni

Rýmkun gjaldsviðs koltvísyringsgjalds þannig að það taki til jarðgass og fljótandi jarðolíugass hefur verið samþykkt í norska Stórþinginu (löggjafarþinginu). Tillögu ríkisstjórnarinnar var að finna í St.prp nr. 1 (2006–2007) *Skatte-, avgifts- og tollvedtak* og hlaut hún samþykki þingsins 28. nóvember 2006.

Auk ákvæðanna sem samþykkt voru á þingi er áformuð breyting á reglugerð um vörugjöld (*Forskrift om endring av Forskrift om særavgifter*). Í nýrri málsgrein í reglugerðinni, málsgrein 3-6-5, er mælt fyrir um undanþágu frá koltvísyringsgjaldi vegna jarðgass og fljótandi jarðolíugass til annarra nota en húshitunar. Í málsgrein 3-6-5, 1. tölul., er tekið fram að jarðgas og fljótandi jarðolíugas sé undanþegið gjaldinu sé það notað til annars en hitunar heimila, atvinnuhúsnæðis og annars húsnæðis. Undanþágan nær ekki til hitunar af nokkru tagi, beinnar eða óbeinnar ⁽¹⁾. Þegar notkunareiningar gass eru minni en 20 kg er það undanþegið gjaldi samkvæmt 2. lið málsgreinar 3-6-5 í reglugerðinni.

2.4 Styrkþegar

Að sögn stjórnvalda í Noregi eru 94 af hundraði alls jarðgass og fljótandi jarðolíugass, sem notað er í landinu, nýtt til annars en húshitunar. Aðeins lítill hluti innanlandsneyslunnar tengist húshitun enda er jarðgas helst notað í iðnaði, og er hlutur framleiðslufyrirtækja þar stærstur. Samkvæmt upplýsingum frá norsku hagstofunni tengjast um 80 af hundraði allrar notkunar á gasi í landinu framleiðslustarfsemi, námagrefti og grjótnámi. Þá taka stjórnvöld í Noregi fram að helmingur allrar notkunar á gasi í framleiðslufyrirtækjum eigi sér stað í metanólverksmiðju StatoilHydro í Tjeldbergodden. Annar stórnótandi er Hydro, sem notar gas við álframleiðslu.

2.5 Fjárveiting og gildistími

Stjórnvöld í Noregi hafa ekki greint Eftirlitsstofnun EFTA frá því hver gildistími skattundanþágunnar er eða hvaða fjárveiting er vegna hennar.

2.6 Ástæður þess að stofnað var til rannsóknar

Eftirlitsstofnun EFTA lýsti efasemdum um að undanþágan gæti talist almenn ráðstöfun eins og stjórnvöld í Noregi höfðu haldið fram. Stofnunin taldi ástæðu til að ætla að ráðstöfunin hefði í för með sér ávinning (að minnsta kosti óbeinan) fyrir vissar atvinnugreinar umfram aðrar. Með vísan til þess að undanþágan tæki aðeins til ákveðinna fyrirtækja eða framleiðslu ákveðinna vara var talið að hún létti af fyrirtækjum kostnaði, sem þau hefðu ella þurft að bera, á þann hátt að samkeppni væri raskað og áhrif kæmu fram á viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu.

Að því gefnu að undanþágan yrði talin hafa í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins lýsti Eftirlitsstofnun EFTA efasemdum um að full skattundanþága gæti talist samrýmanleg ríkisaðstoðarreglum hvort heldur sem væri með vísan til 2. eða 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

3. Athugasemdir annarra aðila

Eftirlitsstofnun EFTA bárust tvennar athugasemdir frá öðrum aðilum.

Líforkusamtök Noregs ⁽²⁾, lýstu sig sammála þeim bráðabirgðaniðurstöðum stofnunarinnar, sem fram komu í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, að ráðstöfunin hefði í reynd í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr., og tóku sérstaklega fram að ráðstöfunin væri sértæk og andstæð eðli og almennri tilhögun skattkerfisins. Samtökin bættu því við, sem almennari athugasemd, að þau teldu nokkuð skorta á rökvisi í heildaruppbyggingu hins norska kerfis koltvísyringsgjalds og vísuðu til þess að ekki væri samkvæmni í því hvaða greinar og orkugjafar féllu undir gjaldskyldu (meðal annars var spurt hvers vegna flutningafyrirtæki og framleiðslufyrirtæki nytu, í raun, undanþágu) og að því er varðaði gjaldflokka.

⁽¹⁾ Annarrar en húshitunar.

⁽²⁾ Sjálfstæð félagasamtök sem hafa að markmiði að stuðla að skynsamlegri nýtingu líforku í Noregi, Veffang: www.nobio.no

Þá barst Eftirlitsstofnun EFTA bréf með sameiginlegum athugasemdum þriggja umhverfisverndarsamtaka: Náttúruverndarsamtaka Noregs (*Norges Naturvernforbund* ⁽¹³⁾), Náttúru og æsku (*Natur og Ungdom* ⁽¹⁴⁾) og Zero Emission Resources Organisation ⁽¹⁵⁾. Þessi þrenn samtök telja að koltvísyringsgjald ætti með réttu að leggjast á alla losun koltvísyrings og færa einnig rök fyrir því að flutningafyrirtæki og framleiðslufyrirtæki ættu að vera gjaldskyld. Þá leggja þau til notkun annarra gjaldflokka en gert er ráð fyrir í lögnum.

4. Athugasemdir stjórnvalda í Noregi

Í tveimur bréfum, sem send voru Eftirlitsstofnun EFTA eftir að stofnað var til formlegrar rannsóknar, ítrekuðu stjórnvöld í Noregi það álit sitt að í fyrsta lagi væri ráðstöfunin í reynd (ef ekki að formi til) sérskattur á húshitun fremur en almennur skattur á jarðgas og fljótandi jarðolíugas með undanþágum vegna tiltekinnar nota, og að í öðru lagi væri ráðstöfunin ekki sértæk þar eð gjald vegna húshitunar legðist á allar atvinnugreinar og öll fyrirtæki sem notuðu gas.

II. MAT

1. Er um ríkisaðstoð að ræða?

Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

1.1 Er gengið á ríkisfjármuni?

Aðstoðarráðstöfunin verður að fela í sér aðstoð sem ríkið veitir eða veitt er af ríkisfjármunum. Þegar skattundanþága er veitt leiðir það til missis skatttekna sem jafngildir því að gengið sé á ríkisfjármuni (sjá 3. mgr. 3. undirkafla í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um skattlagningu fyrirtækja).

1.2 Er ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ívilnað?

Aðstoðarráðstöfunin verður í fyrsta lagi að færa þeim, sem njóta hennar, ávinning sem leysir þá undan greiðslum sem þeir hefðu ella þurft að inna af hendi af rekstrarfé sínu. Skattar eru greiðslur af því tagi, og lausn frá slíkum greiðslum felur í sér ávinning fyrir þá sem njóta hennar.

Í öðru lagi verður ráðstöfunin að vera sértæk í þeim skilningi að hún ívilni „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“.

Umhverfisskattar teljast ekki hafa í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins að því leyti sem þeir eru almennar ráðstafanir sem ívilna ekki sérstaklega tilteknum fyrirtækjum eða atvinnugreinum. Undanþágur frá almennum skatti falla hins vegar undir ákvæði 1. mgr. 61. gr. ef þær beinast að tilteknum fyrirtækjum eða greinum, nema því aðeins að réttlæta megi slíkar undanþágur með vísan til eðlis eða almennrar tilhögunar skattkerfisins.

Stjórnvöld í Noregi telja að ákvæði um að gjaldið leggist aðeins á gas til húshitunar sé almenn ráðstöfun sem taki til allra fyrirtækja og allra atvinnugreina. Allar atvinnugreinar og öll fyrirtæki, sem nota jarðgas eða fljótandi jarðolíugas til húshitunar, eru gjaldskyld vegna slíkrar notkunar, en greinar og fyrirtæki, sem nota (einnig) jarðgas eða fljótandi jarðolíugas við framleiðslu eða í hvers kyns öðrum tilgangi en til húshitunar, þurfa ekki að greiða gjald af notkun gass í slíkum tilgangi. Framleiðandi, sem notar jarðgas eða fljótandi jarðolíugas einnig til hitunar á skrifstofuhúsnæði, svo dæmi sé tekið, verður að greiða gjald vegna þeirrar notkunar á sama hátt og önnur fyrirtæki, en er undanþeginn gjöldum vegna jarðgass eða fljótandi jarðolíugass sem er notað við framleiðsluna.

⁽¹³⁾ Veffang: <http://www.naturvern.no/eng/>

⁽¹⁴⁾ Veffang: <http://www.nu.no/english>

⁽¹⁵⁾ Veffang: http://www.zero.no/zero/view?set_language=en

Eins og þegar hefur verið getið hafa stjórnvöld í Noregi einnig skýrt frá því að þau telji ekki að lita beri á tilkynnta ráðstöfun sem undanþágu frá koltvísyringsgjaldi fyrir tiltekna atvinnugreinar heldur sem upptöku sérskatts á notkun gass til húshitunar, þ.e. gjaldið (á húshitun) leggist sem byrði á þá sem það er innheimt hjá, fremur en að það hafi í för með sér undanþágu og ávinning fyrir þá fjölmörgu aðila sem nota gas með einhverjum þeim hætti sem er ekki gjaldskyldur. Stjórnvöld í Noregi leggja á það áherslu að 94% allrar gasnotkunar í landinu sé til annarra nota en húshitunar, eða með öðrum orðum að aðeins 6% allrar gasnotkunar verði skattlögð.

Eftirlitsstofnun EFTA bendir aftur á móti á að samkvæmt norskum lagaákvæðum hafa jarðgas og fljótandi jarðolíugas bæst við sem nýjar vörur í 1. hluta þess kafla fjárlaga sem kveður á um koltvísyringsgjald á jarðolíuafurðir, og ákvæði um niðurfellingu gjaldsins í tengslum við aðra notkun en til húshitunar hefur verið fellt inn í þann hluta fjárlagakaflans sem lýtur að undanþágum frá gjaldinu. Stofnunin lítur í þessu tilliti einnig til dóms EFTA-dómstólsins í máli sem varðar undanþágu frá raforkugjaldi í Noregi ⁽¹⁶⁾, en þar vísaði Konungsríkið Noregur til þeirra málsástæðna að þrátt fyrir lagaákvæði, sem mæltu fyrir um að tiltekna greinar (náamavinnsla og framleiðslustarfsemi) skyldu undanþegnar raforkugjaldi, væri raunin sú að undanþágan tæki aðeins til tiltekinnna tegunda notkunar á raforku. EFTA-dómstóllinn lét getið viðtekinnar dómaframkvæmdar sem er á þá leið að í þessu efni ráði áhrif en ekki formleg framsetning aðstoðarinnar og komst einnig að eftirfarandi niðurstöðu (sjá 79. mgr. dómsniðurstöðunnar):

„Í fyrsta lagi var með reglugerðinni tekin upp undanþága frá þeirri almennu reglu að raforkunotkun sé gjaldskyld. Með því að fallast á skilning sóknaraðila á þessu, þ.e. að í reglugerðinni sé aðeins kveðið á um gjaldskyldu vegna tiltekinnna tegunda raforkunotkunar, væri gengið gegn tilhögun skattkerfisins sem hér um ræðir og snúið við því venjubundna sambandi milli reglu og undanþágu sem staðfest er í reglugerðinni einmitt með notkun orðsins „undanþága“. Í öðru lagi má ljóst vera að undanþágan, sem hér um ræðir, gagnast fyrirtækjum sem starfa í atvinnugreinunum sem njóta undanþágu og ívilnar því ákveðnum fyrirtækjum í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.“

Þess er enn fremur að geta að Eftirlitsstofnun EFTA er kunnugt um meginregluna sem Dómstóll Evrópubandalaganna staðfesti á ný í nýlegum dómi sínum í *British Aggregates*-málinu ⁽¹⁷⁾. Dómstóllinn staðfesti (og sneri þannig dómi undirréttar EB í þessu tilliti) að við mat á því hvort ákvæði 1. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans ættu við skyldi ekki litið til þess hver væri tilgangur eða markmið tiltekinnar ráðstöfunar, heldur væri eini mælikvarðinn á það hvort ráðstöfun teldist sértæk sá að hversu miklu leyti hún hefði í för með sér ávinning fyrir tiltekin fyrirtæki í samburði við önnur fyrirtæki sem væru í sambærilegri stöðu lagalega og með tilliti til málsatvika. Í álitserð sinni í þessu máli ⁽¹⁸⁾ lýsti lögsögumaðurinn Mengozzi einnig efasemdum um að rétt hefði verið að leggja svo mikla áherslu í undirrétti á formlegar hliðar ráðstöfunarinnar, sem til umfjöllunar var, með þessum orðum: „þegar litið er til samkeppnisáhrifa...er óverulegur munur á því að leggja á almennan skatt með undanþágum fyrir tiltekna aðila og hinu að leggja skatt á tiltekna gjaldskylda aðila fremur en aðra sem búa við sambærilegar aðstæður.“ ⁽¹⁹⁾

Mat Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort ráðstöfunin er sértæk eða svarar fremur til almennrar ráðstöfunar eins og stjórnvöld í Noregi hafa haldið fram verður að byggjast á viðmiðunarkerfi, þ.e. stofnunin verður að bera stöðu fyrirtækja, sem njóta ávinnings af undanþágunni, saman við stöðu fyrirtækja sem eru í sömu stöðu lagalega og með tilliti til málsatvika en njóta ekki sams konar ávinnings ⁽²⁰⁾. Eftirlitsstofnun EFTA skilgreinir þannig viðmiðunarkerfið sem allar þær atvinnugreinar og öll þau fyrirtæki sem greiða þurfa koltvísyringsgjald, þ.e. greinar og fyrirtæki sem nota eða framleiða „mineralolje“, bensín, fljótandi jarðolíugas eða jarðgas.

Með vísan til þess að undanþágan tekur aðeins til notkunar fljótandi jarðolíugass og jarðgass (og þess utan aðeins til vissra tegunda notkunar á slíku gasi) lítur stofnunin svo á að ráðstöfunin verði að teljast sértæk í þeim skilningi að hún ívilni ákveðnum fyrirtækjum og framleiðslu ákveðinna vara. Stofnunin horfir í þessu tilliti einnig til þess að í dómi í málinu *Adria Wien Pipeline GmbH* ⁽²¹⁾ var það niðurstaða EB-dómstólsins að undanþága frá orkuskatti (sem tók aðeins til fyrirtækja sem sinntu

⁽¹⁶⁾ Sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnfjord, PIL o.fl. og Konungsríkið Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA*. Skýrsla EFTA-dómstólsins 2005, bls. 117.

⁽¹⁷⁾ *British Aggregates Association gegn framkvæmdastjórn*, dómur frá 22. desember 2008, mál C-487/06.

⁽¹⁸⁾ Álitserð sem lögð var fram 17. júlí 2008 í máli C-487/06.

⁽¹⁹⁾ Sjá álitid, 100. mgr.

⁽²⁰⁾ Mál C-143/99 *Adria-Wien Pipeline GmbH, Wietersdorfer & Peggauer Zementwerke GmbH og Finanzlandesdirektion für Kärnten*, dómasafn 2001, bls. I-8365, 41. mgr.

⁽²¹⁾ Sjá birtingartilvísun í 20. nmgr.

fyrst og fremst vöruframleiðslu) væri sértæk og tók eftirfarandi fram: „[H]vorki er unnt að nota mikinn fjölda styrkhæfra fyrirtækja né fjölbreytileika og stærð atvinnugreinanna, sem þau fyrirtæki tilheyra, sem rök fyrir þeirri niðurstöðu að ráðstöfun af hálfu ríkisins sé almenn ráðstöfun á sviði efnahagsstefnu“.

Á grundvelli þeirrar niðurstöðu að ráðstöfunin sé sértæk verður Eftirlitsstofnun EFTA því að meta hvort réttlæta megi sértæka ráðstöfun af þessu tagi með vísan til eðlis eða almennrar tilhögunar skattkerfisins. Stofnunin verður í þessu skyni að leggja fyrst af öllu mat á markmiðið með gjaldinu og ákveða í framhaldi af því hvort undanþágan getur talist samrýmanleg hugsuninni þar að baki. Markmiðið með koltvísyringsgjaldinu er að draga úr losun koltvísýrings. Í þessu tilviki falla allar jarðolíuafurðirnar („mineralolje“, bensín, jarðgas og fljótandi jarðolíugas) undir sama lagaákvæði um gjaldtöku í umhverfisverndarskyni. Eftirlitsstofnun EFTA telur ekki liggja ljóst fyrir hvernig þau umhverfisverndarrök að verðleggja áhrif koltvísýringslosunar geti samrýmst kerfi, sem undanþiggur frá skatti greinar sem nota jarðgas eða fljótandi jarðolíugas, þegar þannig stendur á að unnt væri að draga úr losun koltvísýrings í slíkum greinum annaðhvort með því að minnka gasnotkun eða skipta yfir í vistvænni orkugjafa. Það er hlutverk EES-ríkisins, sem ákveður að beita greinarmun af þessu tagi, að sýna fram á að hann megi réttlæta með vísan til eðlis eða almennrar tilhögunar viðkomandi kerfis ⁽²²⁾. Stjórnvöld í Noregi hafa ekki haldið því fram að undanþáguna megi leiða af eðli eða almennri tilhögun gjaldsins og þar eð engin réttlætning af því tagi hefur verið tilgreind (eða er augljós) er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að eðli og almenn tilhögun koltvísýringsgjaldsins réttlæti ekki þessa ráðstöfun.

Stofnunin telur því að ráðstöfunin, sem hér er til umfjöllunar, sé sértæk í þeim skilningi að hún ívilni ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara og að hún verði ekki réttlætt með vísan til eðlis eða almennrar tilhögunar skattkerfisins.

1.3 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum

Ráðstöfunin verður að vera til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

Þegar sköttum er létt af fyrirtækjum styrkir það fjárhagsstöðu þeirra gagnvart keppinautum. Allar atvinnugreinar falla undir aðstoðarkerfið og fyrirtæki, sem notið geta góðs af því, eru starfandi á margvíslegum mörkuðum sem tengjast viðskiptum milli EES-ríkja. Svo dæmi séu tekin eru tvö þessara fyrirtækja Hydro og StatoilHydro, en þau starfa bæði á alþjóðavettvangi. Því er óhjákvæmlegt að líta svo á að undanþágan hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins og sé til þess fallin að raska samkeppni ⁽²³⁾.

2. Málsmeðferðarreglur

Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3: „Tilkynna skal [E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. [...] Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir.“

Stjórnvöld í Noregi hafa fullnægt þessari tilkynningarskyldu með þeirri tilkynningu um undanþágu frá koltvísýringsgjaldi á gasi sem barst í bréfi norska stjórnslu- og umbótaráðuneytisins dagsettu 9. mars 2007. Þá hafa stjórnvöld í Noregi staðfest að ákvæði um gjaldið og undanþágu frá því hafi ekki enn komið til framkvæmda.

Eftirlitsstofnun EFTA getur því ályktað að stjórnvöld í Noregi hafi fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

3. Samrýmist aðstoðin ákvæðum EES-samningsins?

Stuðningsráðstafanir, sem falla undir ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, eru í almennum atriðum ósamrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins nema þær fullnægi skilyrðum fyrir undanþágu samkvæmt ákvæðum 2. eða 3. mgr. 61. gr. samningsins. Samkvæmt ákvæðum stafl. c) í 3. mgr.

⁽²²⁾ Sjá mál C-159/01 *Hollenska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2004, bls. I-4461, 43.–47. mgr.

⁽²³⁾ Sjá í þessu tilliti mál 730/79 *Phillip Morris gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1989, bls. 2671.

61. gr. EES-samningsins getur aðstoð talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins ef hún er veitt í því skyni að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða, enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.

Frá því að ákveðið var að hefja formlega rannsókn á ráðstöfuninni hefur Eftirlitsstofnun EFTA gefið út nýjar leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til umhverfisverndar ⁽²⁴⁾ á grundvelli stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. Í samræmi við 204. mgr. leiðbeinandi reglnanna mun Eftirlitsstofnun EFTA beita ákvæðum nýju reglnanna gagnvart öllum aðstoðarráðstöfunum sem henni eru tilkynntar og henni ber að taka ákvörðun um eftir að reglurnar hafa öðlast samþykki, jafnvel þótt verkefnið hafi verið tilkynnt áður en leiðbeiningarnar voru birtar.

Samkvæmt leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til umhverfisverndar getur aðstoð, sem er veitt sem afsláttur af umhverfissköttum eða undanþága frá þeim, talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins að því tilskildu að slíkir afslættir eða undanþágur: i) stuðli að betri umhverfisvernd, að minnsta kosti óbeint, ii) grafi ekki undan því almenna markmiði sem unnið er að, og iii) séu, þegar um ræðir skatta sem eru samræmdir í EB-rikkjunum, einkum þegar samræmingin er samkvæmt tilskipun 2003/96/EB um skattlagningu orkugjafa og raforku („orkuskattatilskipuninni“) ⁽²⁵⁾, samrýmanleg viðeigandi ákvæðum EB-löggjafar og í samræmi við takmarkanir og skilyrði sem þar er að finna ⁽²⁶⁾.

i) *Stuðlar skattafslátturinn/undanþagan að betri umhverfisvernd? og*

ii) *Grefur skattafslátturinn/undanþagan undan almennu markmiði gjaldsins?*

Þó að ekki blasi við í fyrstu hvernig afsláttur af orkuskatti getur leitt til betri umhverfisverndar eða samrýmst almennu markmiði með skattinum er tekið fram í leiðbeinandi reglum um aðstoð til umhverfisverndar að hafi stjórnvöld þann möguleika að veita tilteknum atvinnugreinum eða flokkum fyrirtækja undanþágu frá umhverfissköttum geti það gert þeim kleift að hafa almennt gjaldhlutfall slíkra skatta hærra en ella væri. Þannig mætti stuðla að því að hærra hlutfall umhverfiskostnaðar fælli á fyrirtæki og skapa þeim frekari hvata til að auka umhverfisvernd ⁽²⁷⁾.

Að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA er hins vegar ástæða til að ætla að full undanþága frá umhverfissköttum sé ekki í samræmi við sett viðmið þó að hún kunni að gera það kleift að innheimta hærri skatta af öðrum orkugjöfum. Stofnunin lítur því svo á að svör við ofangreindum spurningum fari að nokkru eftir því hvort meginreglum tilskipunarinnar um orkuskatta er fylgt ⁽²⁸⁾.

iii) *Samsvarar skatturinn skatti sem hefur verið samræmdur samkvæmt tilskipuninni um orkuskatta, og ef svo er hefur meginreglum þeirrar tilskipunar verið fylgt?*

Eins og fram kemur í 10. mgr. leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til umhverfisverndar, og enda þótt tilskipunin um orkuskatta hafi ekki verið felld inn í EES-samninginn, mun stofnunin fara þá leið, með það markmið fyrir augum að tryggja einsleita beitingu ríkisaðstoðarreglna og jöfn samkeppnisskilyrði á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, að beita að jafnaði sömu viðmiðum og mælt er fyrir um í leiðbeinandi EB-reglum við mat á því hvort aðstoð til umhverfisverndar samræmist framkvæmd EES-samningsins ⁽²⁹⁾.

Samkvæmt 153. mgr. leiðbeinandi reglna (Eftirlitsstofnunar EFTA) um ríkisaðstoð til umhverfisverndar verður aðstoð, sem er veitt sem afsláttur af sköttum eða undanþága frá sköttum sem samsvara umhverfissköttum sem eru samræmdir í EB-rikkjunum, talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins um 10 ára skeið, að því tilskildu að fyrirtækin, sem njóta aðstoðarinnar, greiði skatta sem nema að minnsta kosti lágmarki Evrópubandalagsins samkvæmt ákvæðum viðeigandi tilskipunar. Koltvísyrings-

⁽²⁴⁾ Þær reglur samsvara leiðbeinandi EB-reglum um ríkisaðstoð til umhverfisverndar sem voru samþykktar 23. janúar 2008 (Stjtið. ESB C 82, 1.4.2008, bls. 1).

⁽²⁵⁾ Lágmarksskattheimtuhlutfall samkvæmt tilskipun ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu á lagamma Bandalagsins um skattlagningu orkugjafa og raforku (Stjtið. EB L 283, 31.10.2003, bls. 51), með áorðnum breytingum.

⁽²⁶⁾ Sjá 151.–152. gr. leiðbeinandi reglna um aðstoð til umhverfisverndar. Sjá einnig 70. mgr., 15. lið, og 10. mgr.

⁽²⁷⁾ Sjá 57. gr. leiðbeinandi reglna um aðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁸⁾ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins féllst á þetta sjónarmið fyrir skömmu í máli N 22/2008 frá 19. maí 2008, Stjtið. ESB C 184, 22.7.2008, bls. 6, sem varðaði Svíþjóð, og Eftirlitsstofnun EFTA tók það upp í ákvörðun 502/08/COL um undanþágu frá koltvísyringsgjaldi og lækkun gjalds á hitunarolíu (sem varðaði einnig Noreg).

⁽²⁹⁾ Mat á því hvort skattundanþágur samrýmast ríkisaðstoðarreglum samkvæmt núgildandi leiðbeinandi EB-reglum um ríkisaðstoð til umhverfisverndar (Stjtið. ESB C 82, 1.4.2008, bls. 1) miðast við að undanþágurnar séu í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar um orkuskatta.

gjaldið er skattur á vörunotkun sem er, að minnsta kosti að hluta, samræmdur í EB-ríkjunum samkvæmt tilskipuninni um orkuskatta. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar er heimilt við vissar aðstæður að lækka skatta á orkunotkun niður að þeim lágmarksfjárhæðum sem tilgreindar eru í tilskipuninni. Þessar lágmarksfjárhæðir eru sem stendur €41 á hver 1000 kg af fljótandi jarðolíugasi og €0,30 á hvert gígjoule af jarðgasi (til iðnframleiðslu/rekstrar).

